

Reuters: Bankar í Evrópu og Bandaríkjunum hafa fækkað starfsmönnum um 160 þúsund á tveimur árum

Eftir Styrmi Gunnarsson

Tuttugu og fjórir stærstu bankar í Evrópu og Bandaríkjunum hafa fækkað starfsfólki um 160 þúsund manns á síðustu tveimur árum að sögn Reuters-fréttastofunnar. Samtals fækkuðu þessir bankar starfsmönnum sínum um 59 þúsund á síðasta ári. Sex bandarískir bankar fækkuðu um 37500 á síðasta ári og um 45700 árið 2013. Átján evrópskir bankar fækkuðu um 21500 starfsmenn á síðasta ári en 56100 árið áður.

Hjá Reuters kemur fram, að búast megi við áframhaldandi fækkun starfsmanna í ár.

Bankar fækkuðu starfsmönnum um tugir þúsunda í kjölfar fjármálakreppunnar sem skall á 2008 en síðan hófst nýtt niðurskurðartímabil 2013 vegna minnkandi hagvaxtar og viðskipta. En bankar hafa líka lokað útibúum og fækkað fólki vegna þess að viðskipti hafa í vaxandi mæli færst yfir í tölvur og síma.

Sérfræðingar hjá Citi töldu í síðasta mánuði að 54% starfa í fjármálaþjónustu væru í hættu vegna tækni framfara.